

## 7. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2016-2017

Fimmtudaginn 6. október kl. 18.00 var haldinn fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins að Síðumúla 15 í Reykjavík.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Þorsteinn Thorsteinson gjaldkeri, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari og Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

Lögð var fram fundargerð 6. fundar og var hún samþykkt og staðfest með undirritun fundarmanna þess fundar.

Dagskrá:

### 1. Samþykkt fundargerðar 6. fundar stjórnar 24. september 2016.

### 2. Félagsaðild Margrétar Tómasdóttur fyrrum formanns stjórnar Íshunda.

a. Fylgiskjöl – bréf stjórnar til Margrétar og svarbréf Margrétar.

Stjórn telur að Margrét Tómasdóttir uppfylli ekki skilyrði um félagsaðild skv. 5. gr. laga félagsins. Nafn hennar er því fellt á brott úr félagatali og henni endurgreidd ársgjöld félagsins 2016.

### 3. Hálfsárs uppgjör HRFÍ.

Þorsteinn kynnti helstu atriði uppgjörins og einnig voru Klara og Fríður boðaðar á fund stjórnar kl. 18.30 til að svara fyrirspurnum.

Uppgjör fyrir fyrstu 6 mánuði ársins sýnir 19% hækkun á launakostnaði. Hækkanir hafa verið á taxta VR sem skýrir þetta að verulegu leyti sem og fæðingarorlof starfsmanns.

Rétt er að benda á að kostnaður fyrir veiðipróf fuglahundadeilda hefur dregist verulega saman milli ára sem er ánægjulegt að sjá.

Klara og Fríður ætla að taka saman upplýsingar um sundurliðun á þeim tekjuliðum sem koma inn vegna þjónustu skrifstofu enda verður það að koma til skoðunar hjá stjórn í ljósi hækkaðs launakostnaðar.

### 4. Heimsmeistarakeppni Vorsteh - endurupptaka beiðni. Í framhaldi af leiðréttingu skrifstofu um félagsaðild viðkomandi aðila er beiðnin endurupptekin.

Erindi kom frá Vorsteh-deild um þátttöku Guðna Stefánssonar og Bergþórs Antonssonar í heimsmeistaramóti standandi fuglaveiðihunda.

Stjórn leggur áherslu á að þær deildir, sem eru með gjaldgenga þátttakendur, auglýsi og kynni með góðum fyrirvara keppnir sem þessar í framtíðinni svo fleirum verði gefinn kostur á að taka þátt og sækjast eftir því. Svo eru það deildirnar sem tilnefna fulltrúa sem stjórn HRFÍ staðfestir svo. Það er ósk stjórnar að þessu verði hagað á þennan hátt í framtíðinni sé það ósk deildanna að fulltrúar úr fuglhundasportinu taki í þátt í slíkum keppnum í framtíðinni.

Stjórn staðfestir beiðni Vorsteh-deildar um þátttöku þeirra Guðna og Bergþórs í

mótinu.

5. **Útgáfa rits Watson um íslenska fjárhundinn á vef félagsins. Erindi frá Þórhildi Bjartmarz sem Þorsteinn kynnir á fundinum.**

Stjórn fagnar þessu frumkvæði og telur verkefnið mjög þarft og gott. Stjórn telur mikilvægt að tryggð sé að með útgáfunni verði ekki brotið gegn höfundarétti Mark Watson sem nú er í höndum erfingja hans.

6. **Erindi DÍF frá 22. apríl og varðar notkun eyðublaðs um örmerkingu með viðbót um staðsetningu eistna til að kanna eistnaleysi í stofni íslenska fjárhundsins.**

Í erindinu leggur DÍF til að dýralæknir staðfesti þegar hundur er örmerktur hvort bæði eistu séu rétt staðsett, hvort um sé að ræða hulið eista (eineistung) eða launeistu. Stjórn samþykkir þessa tillögu DÍF sem á aðeins við um íslenska fjárhundinn. Notkun sérstaks eyðublaðs um örmerkingu og skráningu hjá deildinni ásamt eistnavottorði mun taka gildi 1. janúar 2017.

7. **Erindi DÍF dags. 19. september 2016, sem barst stjórn 23. september og varðar orðalag reglu um augnskoðun íslenskra fjárhunda.**

*Stjórn DÍF vill vekja athygli á því að orðalag um augnskoðun íslenskra fjárhunda í grein VI í reglugerð um skráningu í ættbók Hundaræktarfélag Íslands er hægt að túlka á mismunandi hátt. Greinin er svohljóðandi:*

*Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við þörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Eftir þriggja ára aldur má augnvottorð ekki vera eldra en 26 mánaða við þörun. 10 júní 2015 (gildir frá 01.06.2007).*

*Í ljós hefur komið að þetta orðalag getur valdið misskilningi, því ekki kemur skýrt fram að hundurinn þurfi að hafa náð þriggja ára aldri við augnskoðun til þess að vottorðið gildi í 26 mánuði. Því er hægt að túlka þetta á þann veg að þegar hundur nái þriggja ári aldri gildi vottorðið í 26 mánuði, jafnvel þó augnskoðun hafi farið fram fyrir þriggja ára aldur. Á heimasíðu DÍF hefur eftirfarandi orðalag verið notað:*

*Einnig þurfa báðir foreldrar að hafa gilda augnskoðun við þörun. Athugið að augnskoðun gildir í 12 mánuði hjá hundum fyrir þriggja ára aldur en séu hundar augnskoðaðir eftir að þeir eru fullra þriggja ára gildir augnskoðunin í 26 mánuði. Niðurstöður þessara skoðana eiga að vera kunnar fyrir þörun.*

Stjórn samþykkir breytt orðalag í ákvæði um augnskoðanir íslenskra fjárhundsins: Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við þörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Augnskoðun, sem framkvæmd er eftir 3 ára aldur, gildir í 26 mánuði. Niðurstöður þessara skoðana eiga að vera kunnar fyrir þörun.

8. **Samskipti stjórnar og nefnda félagsins. Erindi frá Guðbjörgu.**

Guðbjörg benti á að ekkert væri í lögum félagsins um að nefndir ættu að halda stjórn upplýstri um starfsemi en í reglum ræktunardeilda væri gert ráð fyrir að stjórnir þeirra væru í tengslum við sínar nefndir sem héldu svo ræktunarstjórnnum upplýstum. Guðbjörgu þætti því eðlilegt að stjórn fengi fundargerðir af fundum nefnda félagsins.

Stjórn ákvað að sent yrði bréf til nefndanna og til áminningar um að senda skýrslu um störf þeirra fyrir aðalfund HRFÍ. Skv. lokamálslið 11. greinar laga félagsins skulu fastanefndir gefa stjórn félagsins skýrslu um starfsemi sína fyrir lok mars ár hvert.

**9. Skólanefnd og málefni hundaskóla HRFÍ – Erindi frá Guðbjörgu Guðmundsdóttur.**

Samkvæmt 24. gr. VIII kafla laga HRFÍ má félagið starfrækja hundaskóla innan HRFÍ. Hundaskólinn skal sjá um fræðslu er varðar meðferð, uppeldi og þjálfun hunda undir stjórn viðurkenndra leiðbeinenda.

Samkvæmt 25. gr. VIII kafla laganna má skólanefnd skipuð þremur fulltrúum, tveimur tilnefndum af HRFÍ og einum af starfsmönnum skólans.

Guðbjörg Guðmundsdóttir og Sigríður Bílddal sitja aðeins tvær í þessari nefnd þar sem fulltrúi skólans gefur ekki kost á sér í nefndina. Guðbjörg telur að í raun hafi lög félagsins þ.a.l. verið brotin í eitt og hálf ár og þar af leiðandi þurfi að skoða þessa nefnd.

Það stendur til að ráðast í heildarendurskoðun á fræðslumálum innan HRFÍ.

**10. Beiðni DÍF um deildarsýningu 2017, jákvæð umsögn sýningastjórnar barst stjórn 28. september 2016.**

Sjá fylgiskjal frá DÍF. Samþykkt

**11. Val á afreks- og þjónustuhundi ársins.**

Stjórn fjallaði um þær tilnefningar sem hafa borist. Afrekshundur var valinn og verður heiðraður á nóvembersýningunni. Leit stendur enn yfir að þjónustuhundi ársins.

**12. Beiðni Cavalier King Charles spaniel deildar um tvöfalda deildarsýningu 2017, jákvæð umsögn sýningastjórnar barst stjórn 5. október 2016.**

Sjá fylgiskjal frá Cavalierdeild. Samþykkt.

**13. Beiðni Chihuahuedeildar og Mjóhundadeildar um sameiginlega sýningu 2017, jákvæð umsögn sýningastjórnar barst stjórn 5. október 2016.**

Sjá fylgiskjal frá deildunum. Samþykkt.

**14. Erindi skrifstofu um breytingu á reglugerð um skráningu í ættbók. Nánar tiltekið er óskað eftir að c. liður ákvæðis III. verði felldur niður.**

Skrifstofa óskar eftir breytingu á reglugerð um skráningu í ættbók, lið 3, en vegna breytinga á vinnureglum í einangrun verður sífellt erfiðara að fá staðfestingu hjá þeim til að uppfylla þessi skilyrði. Því óskar skrifstofa eftir að liður C í reglugerðinni verði tekinn út enda sé það varla í verkahring félagsins að sinna eftirliti fyrir ríkið.

*III. Umskráning innfluttra hunda í ættbók HRFÍ og útflutningsættbækur*

*Innflutt undaneldisdýr í eigu aðila með búsetu á Íslandi verður að umskrá í ættbók HRFÍ áður en afkvæmi þess fást ættbókarfærð.*

*Við umskráningu verður að fylgja:*

*a) Upprunalegt ættbókarskírteini (Export pedigree) skráð á þann aðila sem flytur hundinn til landsins.*

*Skírteinið skal vera útgefið af hundaræktarfélagi viðurkenndu af FCI og HRFÍ.*

*b) Skriflegt afsal frá þeim aðila sem skráður er sem eigandi hundsins í ættbókarskírteini, sé um annan*

*eiganda að ræða en þann sem óskar eftir umskráningu.*

*c) Staðfesting frá einangrunarstöð þess efnis að hundurinn hafi verið fluttur löglega til landsins.*

*Einangrunarstöðin skal hafa starfsleyfi Landbúnaðarráðuneytisins.*

*d) Ættbókarreglur HRFÍ gilda einnig fyrir innflutta hunda sem skráðir eru í ættbók félagsins.*

*Hundaræktarfélag Íslands gefur út útflutningsættbók-Export Pedigree.*

Samþykkt.

#### **15. Starfsmannamál - ráðning verkefnastjóra**

Búið er að ganga frá starfslokasamningi við fráfarandi framkvæmdastjóra. Sverrir Briem hjá Hagvangi sér um að vinna úr umsóknum en 31 umsókn barst. Hann mun hitta þá umsækjendur sem hann telur hæfasta og mun svo boða fulltrúa stjórnar HRFÍ í viðtöl með honum og þeim sem standa eftir.

#### **16. Önnur mál**

Engin önnur mál voru á dagskrá.

Fundi slitið kl. 19.50. Næsti fundur stjórnar boðaður 18. október kl. 18.00.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Herdís Hallmarsdóttir, Þorsteinn Thorsteinson og Guðbjörg Guðmundsdóttir.